

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Heiðargerði 6, L209870, stækkun byggingarreits.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til iðnaðarlóðarinnar Heiðargerði 6, L209870. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður um 6 m til vesturs auk þess sem afmörkun lóðarinnar er breytt lítillega.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. nóvember 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. janúar 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 23. janúar 2025